

Vettvangsheimsókn í Klúbbinn Geysi.

www.kgeysir.is/kgeysir/is/forsida

Mætt voru auk undirritaðrar: Kristján Sigurmundsson /Bergþórug.Lindarg; Gunnar Gunnarsson Hraunbær 107; Jóhanna E. Ólafsdóttir Lindargata; Fjóla M.B. Austurbrún 6; Lilja Rún Tumadóttir hverfisgata 125; Óttar G. Birgisson Berþórugata; Guðmundur Zoega Dalbraut 23; Jónas Valdimarsson Dalbraut 23; Laufey Dalbraut 23.

Klúbburinn er til húsa í fallegu húsi í Skipholti 29. Góð aðstaða var fyrir hendi innan/og utanhúss. Klúbbnum er núna deildarskipt. Um er að ræða:

skrifstofu-atvinnu-og menntadeild:

þar sem félagar hafa tölvur til afnota og geta unnið að margvíslegum verkefnum bæði vegna eigin námsverkefna og í þágu klúbbsins.

Einnig er „Ráðning til reynslu“ sem eru hlutastörf í 9-12 mánuði. Að lokinni starfsþjálfun með starfsmanni er einstaklingurinn á launaskrá hjá fyrirtækinu út samningstímann. Ef félaginn veikist á tímabilinu er séð til þess að fyllt sé í skarðið.

Eldhús-og viðhaldsdeild:

í eldhúsinu er framreiddur morgunmatur og hádegismatur.

Hádegisverður kostar kr. 500,- stök máltíð.

Móttaka:

svarað í símann og tekið á móti gestum og félögum.

Útivist og félagsstarf:

Fyrirlestrar, gönguferðir, bíó, leikhús, kaffihús o.fl.